

Fundargerð

Fimmtudaginn 5. janúar 2023 kl. 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

Fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar voru Fjóla St. Kristinsdóttir bæjarstjóri, Bragi Bjarnason formaður bæjarráðs og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri.

1. Fundur með Árborg

Fulltrúar frá Sveitarfélaginu Árborg komu á fund nefndarinnar til að fara yfir fjármál sveitarfélagsins. Fyrir hönd Árborgar mættu Fjóla St. Kristinsdóttir bæjarstjóri, Bragi Bjarnason formaður bæjarráðs og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri. EFS átti fund með fulltrúum Árborgar þann 7. september sl. þar sem farið var yfir fjárhagsstöðuna.

Fram kom í máli Fjólu að þau hefðu ákveðið að óska eftir fundi með nefndinni til að yfirfara fjárhagsáætlun 2023-2026 og almennt um fjárhagsstöðuna. Útkomuspá er með neikvæða niðurstöðu fyrir árið 2022, um 2,1 ma.kr. hjá A- og B- hluta og 2,3 ma.kr. hjá A-hluta, sem er talsvert verra en upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Veltufé frá rekstri er neikvætt fyrir A-hlutann í útkomuspá 2022.

Bragi fór yfir glærur um fjármál og rekstur. Þar kom fram að það vantar um 2 ma.kr. til að reksturinn sé í jafnvægi, en þá er framlegðin um 10% af heildartekjum. Búið er að setja hagræðingarkröfu í málaflokka og verið er að seinka fyrirhugðum fjárfestingum þar sem það er hægt. Reynt verður að draga úr lántökum eins og kostur er, m.a. með sölu á eignum.

Gert er ráð fyrir að íbúum fjölgi um 5% á árinu 2023. Stærsta verkefnið því tengt er bygging grunnskólans sem er um 1,3 ma.kr. á yfirstandi ári. Samkvæmt fulltrúum Árborgar er fjárhagsstaðan sveitarfélagsins mjög erfið og mikið verk framundan til að koma rekstrinum í jafnvægi. Mikilvægt er að eiga gott samstarf við alla hagaðila og að allir bæjarfulltrúar vinna saman að því að laga stöðuna. Vinna er í gangi með utanaðkomandi ráðgjöfum að aðgerðaáætlun ásamt 10 ára fjármálaáætlun.

Eftir fundinn með fulltrúum Árborgar ákvað EFS að rita bæjarstjórn Árborgar bréf vegna alvarlegrar stöðu bæjarfélagsins þar sem lagt er til að gert verði samkomulag við innviðaráðherra um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 83. gr. laga nr. 138/2011.

2. Önnur mál

Engin önnur mál